

Norðurljós

Fréttabréf starfsmanna Norðuráls

6. töl. 7. maí 2010

RITSTJÓRAR: Rakel Heiðmarsdóttir & Trausti Gylfason

ÁBYRÐ: Ágúst F. Hafberg

Ritnefnd: Brian Daniel Marshall, Bjarni I. Björnsson, Elísabet Sveinsdóttir, Fjalar Ríkarðsson, Jón H. Sveinsson, Jóna Björk Sigurjónsdóttir, Jóhanna Árnadóttir, Þóra Jónsdóttir

Meðal efnis í þessu blaði...

Ennþá á
Íslandi



Flutningur á
spenni



Innri vöxtur



Þú komst við
hjartað í mér



Gunnar Guðlaugsson:

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Kæru samstarfsmenn

Nú er löngum kjarasamningsviðræðum lokið og var nýr kjarasamningur samþykktur með ríflega 85% atkvæða þeirra er kusu. Leiðréttingar á launum vegna þess tíma sem þegar er liðinn á árinu 2010 verða framkvæmdar með sérstakri launakeyrlu í maí. Meðal nýjunga í nýjum samningi eru tveir bónusþættir er varða spennuris í kerum: ristíðni og ristími. Á undanförunum mánuðum og árum hefur mikill árangur náðst hjá Norðuráli við að lækka ristíðni og stytta ristíma. Það er von okkar að nýju bónusþættirnir hvetji okkur til að ná enn lengra á þessu sviði. Þegar ker fær spennuris myndast gróðurhúsa-lofttegundir og losna til andrúmsloftsins. Með því að fækka risum og stytta þann tíma sem þau vara, getum við lágmarkað þessa losun. Það er okkur sannarlega kappsmál að hlúa eins vel að umhverfinu og kostur er og þetta er mikilvægur þáttur í því.

Við höfum sett okkur metnaðarfull markmið í tengslum við losun út í umhverfið og þau eru mun strangari en þær kröfur sem starfsleyfið setur okkur. Við höfum náð góðum árangri í umhverfismálum á fyrsta ársfjórðungi þessa árs en þar náðum við öllum okkar markmiðum.

Við erum alltaf að ná betri árangri í öryggismálum og sem betur fer urðu ekki nein alvarleg slys á fólki á þessum fyrsta ársfjórðungi. Því miður urðu þó nokkur minniháttar óhöpp. Ég vil biðja ykkur öll um að hafa stöðugt í huga öryggi ykkar og samstarfsmanna ykkar þar sem markmiðið er ætíð það sama, að allir komi heilir heim.

Að lokum vil ég óska ykkur öllum og fjölskyldum ykkar gleðilegs sumar.

Kynning á vef og merki

Starfsmönnum Norðuráls á Grundartanga er boðið á stutta kynningu miðvikudaginn 12. maí nk. Þar mun Ragnar Guðmundsson, forstjóri, kynna fyrsta áfanga nýs vefs Norðuráls - www.nordural.is en vefurinn hefur verið í þróun að undanförunu. Jafnframt mun Ragnar kynna nýja útfærslu á kennimarki (lógói) félagsins. Kynningin fer fram í mötuneytinu á Grundartanga milli kl. 11:45 og 12:30. Af þessu tilefni ætlum við að gera okkur glaðan dag og bjóða upp á hátíðartertu og léttu tónlist, en það eru þeir Björn Thoroddsen gítarleikari og Egill Ólafsson sem taka nokkur lög eftir Sigfús Halldórsson. Nánar á bls. 7.

Nýtt baðhús tekið í notkun

Nú er komið að því að nýja baðhúsið okkar er tilbúið til notkunar. Þeir starfsmenn sem eru með fataskápa sína í Orkuvirkishúsinu fá nú aðstöðu í nýja baðhúsinu. Gert er ráð fyrir að flutningar úr skápum 900-950 hefjist í þessari viku og gangi hratt og vel fyrir sig. Það eru vinsamleg tilmæli að yfirmenn og gamalreyndir starfsmenn leiðbeini nýrri starfsmönnum um fyrirkomulag á skápamálum. Óhreinir skápar eru inn af vinstri inngangi og hreinir skápar hægra megin.

Til hamingju með nýja baðhúsið!


Innleiðing á gæðakerfi

Norðurál Grundartangi ehf. hefur nú hafið innleiðingu á gæðakerfi (ISO 9001:2008) sem byggist á stöðugum umbótum þeirra ferla sem eru fyrir hendi. Samhliða ISO 9001 er unnið að innleiðingu skjalavistunarkerfis sem mun koma á markvissri skjölun hjá Norðuráli samkvæmt sameiginlegum málalykli. Til að hafa yfirumsjón með innleiðingu þessara tveggja ISO staðla var skipaður stýrihópur og er verkefnisstjóri Sigríður Hrund Pétursdóttir. Þar sem innleiðingin tekur til allra sviða Norðuráls á Grundartanga, er nauðsynlegt að hvert svið komi að undirbúningi og framkvæmd með virkum hætti. Skipaðir hafa verið gæðatenglar fyrir hvert svið og hafa flestir þeirra einnig staðgengil sér við hlið. Gæðatenglarnir þjóna mikilvægu hlutverki í innleiðingu á gæðakerfinu:

- Finna lykilferla í fyrirtækinu og skjalfesta þá
- Finna samlegð með lykilferlum og málalykli skjalastjórnunar
- Miðla ISO 9001 hugsun og boðskap innan síns sviðs
- Framkvæma innri úttektir á þeim ferlum sem eru skjalaðir

Strumpar, kettir og galdrakarlar taka þátt

Til aðstoðar við innleiðinguna eru svokallaðir Strumpar notaðir. Þeir virka sem hvatakerfi, þ.e. gæðatenglar geta unnið sér inn **“Strump”** fyrir vel unnin störf. Ef eitthvað má betur fara kemur hinsvegar **kötturinn Brandur** til skjalanna, en hann táknar **viðvörðun**. Það versnar síðan í




því ef **Kjartan galdrakarlar** er notaður, því hann táknar alvarlega áminningu. Þetta kerfi er notað þátttakendum til skemmtunar, en það er ekki síst mikilvægt við innleiðingu á svo stóru verkefni að hafa gaman af vinnunni. Síðast en ekki síst mun öðlingurinn Einstein veita ISO 9001 eftirfylgni með góðum tilvitnunum, en hann var þekktur fyrir gáfulegar og kímnar athugasemdir.

Gæðastjórnunarkerfi eitt og sér leiðir ekki endilega til umbóta á vinnuferlum eða gæðum vöru og þjónustu. Það er starfsfólkið, við hér hjá Norðuráli Grundartanga, sem innleiðum umbætur. Gæðakerfi er ein leið til þess að nálgast markmiðin við umbætur á kerfisbundnari máta.

Hringrás gæðastjórnunarkerfis er í grófum dráttum að:

1. Móta verklag/skipuleggja
2. Innleiða/gera
3. Kanna/skoða hvort unnið sé eftir verklagi
 - Annars vegar með úttektum
 - Hins vegar með mælingum, könnunum og skráningu kvartana
4. Tryggja umbætur/fylgja eftir
5. Og loka svo hringnum með endurskoðun ferla



Kröfur ISO 9001 tengjast beint mikilvægum þáttum í starfsemi fyrirtækja, eins og sjá má hér að neðan:

Mikilvægir þættir í starfsemi fyrirtækja	Kröfur ISO 9001
Framsetning upplýsinga	Gæðastjórnunarkerfi
Ábyrgð stjórnenda og mikilvægi	Ábyrgð stjórnenda
Starfsmenn og aðbúnaður	Stjórnun auðlinda
Framleiðsla vöru/þjónustu	Framköllun vöru
Eftirlit og árangur	Mælingar, greining og umbætur

Innri vöxtur mikilvægur!

Sigríður Hrund Pétursdóttir starfar á fjármálasviði við innra eftirlit hjá Norðuráli og hefur aðsetur í Borgartúninu. Auk þess sinnir hún öðrum verkefnum og er m.a. verkefnastjóri innleiðingar á ISO 9001 hjá Norðuráli Grundartanga ehf.

“Þetta er stórt og skemmtilegt verkefni og það er virkilega gaman að taka þátt í því. Það er líka alltaf gaman að koma að umbótum sem þessum sem munu skila sér í meiri gæðum - þá er tilgangnum náð”.

Sigríður hefur unnið hjá Norðuráli í tvö ár og kann vel við sig. *“Við erum sjö saman í Borgartúninu að jafnaði og hér ríkir góður andi. Það má kannski segja að við séum eins og ein lítil fjölskylda með öllu því sem tilheyrir. Þá er einnig töluvert um heimsóknir í Borgartúnið, t.d. frá Grundartanga, Helguvík og erlendis frá svo það er alltaf fullt af gestum eins og á góðu heimili”.* Áður vann Sigríður hjá Mest ehf. en hvernig kann Sigríður við sig í álinu? *“Álið er málið. Hér ríkir mikil virðing fyrir samstarfsfólkinu og ólíkar skoðanir eru virtar. Það er líka áberandi hversu mikill áhugi er á að gera betur. Kannski tengist þetta því að vinnustaðurinn (Grundartangi) er staðbundinn, fólkið úr “sveitinni” vinnur saman og þannig verður til ákveðin menning sem ég tel að sé holl og góð. Maður finnur líka fyrir því að það er meiri samheldni, fólk passar upp á verkefni í sameiningu og vinnur mikið og vel. Það er með sanni hægt að segja að hjá Norðuráli vinni harðduglegt fólk sem er viljugt að læra, tileinka sér nýja hluti og gera sífellt betur.”*

Sigríður er nú á leið í fæðingarorlof en hún á von á barni í maí. *“Ég á fimm ára tvíbura sem eru orðnir spenntir að sjá nýja einstaklinginn í fjölskyldunni þannig að það verður mikið fjör á heimilinu. Maður verður víst að sinna innri vexti líka,”* segir þessi hressa kona um leið og við kveðjum og óskum henni alls góðs.



ISO 9001:2008 leggur mikla áherslu á skuldbindingu og þátttöku æðstu stjórnenda, sem og skipulagða rýni og endurmat til að tryggja að virkni gæðastjórnunarkerfisins batni stöðugt. Gæðakerfið sjálft byggist á uppsetningu *gæðaskjala*, sem fundin eru eftir ferlum fyrirtækisins og unnt er að vakta og rýna reglulega. Undirbúningurinn að uppsetningu gæðakerfisins fer m.a. þannig fram að *ferlar* eru skilgreindir, sem og *ábyrgð* á framkvæmdum aðgerðum og hverjar *afurðir* verkferlanna eru. Undir hverju ferli verða síðan til skjalfestar verklagsreglur, vinnulýsingar, gátlistar, eyðublöð og leiðbeiningar - dæmi um góða vinnulýsingu er: hvað er notað til að framkvæma vinnuna (skjöl/kerfi), hver framkvæmir (starfsheiti), hvernig framkvæmt (einföld og skilmerkileg lýsing), hvar geymt (skjöl/gögn geymd í möppu/kerfi).

Fíllinn innleiddur

Margir líkja því við að borða fíl að innleiða gæðakerfi. Mörg svið hjá Norðuráli eiga nú þegar mikið til af skjölum ferlum, verklagsreglum og öðrum undirgögnum svo segja má að við séum búin að gæða okkur á hluta af fílum. Afganginn bútum við síðan í hæfilega bita og

borðum jafnt og þétt þar til við höfum lokið við allan fíllinn. Til að geta borðað ISO-fíllinn, má nefna að mestu áhrifavaldar á það hversu vel gengur að innleiða og reka kerfi gæðastjórnunar eru:

- Mannlegir þættir, hugarfar
- Jákvæð umræða
- Virkni og stuðningur stjórnenda
- Hugarfar þátttakenda
- Ytri þættir

Um leið og við tökum vel á móti ISO 9001, óskum við stýrihóp, verkefnastjóra og gæðatenglum góðs gengis við innleiðinguna.

Að lokum er vert að hafa orð Einsteins hugföst þegar hann sagði:

„Education is what remains after one has forgotten what one has learned in school“, eða: **“Menntun er það sem eftir stendur þegar maður hefur gleymt því sem maður lærði í skóla”**



Sveinn Snæland:

Bætt vinnuaðstaða = aukið öryggi

Það er ekki alveg laust við að vaxtarverkir geri vart við sig hjá fyrirtækinu okkar eftir hraðan vöxt undanfarin ár. Ýmis konar tækjabúnaður, sem settur var upp við stækkanir fyrirtækisins, er nú kominn í reglulegt viðhald og nú koma ýmsir vankantar í ljós, þar sem ekki hefur verið hugað nægilega að aðgengi og aðstöðu viðhaldsmanna við störf.

Skorin var upp herör sl. sumar og ákveðið að finna staði, þar sem viðhaldsmenn ættu erfitt um störf vegna lélegs aðgengis, áhættu og erfiðis og leitast við að gera þeim vinnuna léttari, öruggari og ánægjulegri.

Fyrst var ráðist í að útbúa léttibúnað í öllum sendikútarýmum til að koma í veg fyrir að menn þyrftu að rogast með allt að 200 kílóa áfylliloka í fanginu í miklum hæðum, við mjög erfiðar aðstæður og mikla slyshættu. Árangurinn var framar öllum vonum og nú ganga menn blístrandir og brosandir til verka sem menn áður kviðu og verkið tekur nú auk þess miklu skemmri tíma.

Næst á dagskrá var að setja upp ýmiskonar vinnupalla við staði sem gerðu mönnum kleift að vinna sín verk við betri og öruggari skilyrði en áður og hafa þeir reynst vel.

Loks var hafist handa um að gera alla lóðréttu stiga og vinnupalla í hæðum öruggari með því að minnka óvarin bil milli handriða og bakfallsvarna á stigum. Þetta bætur öryggi þeirra sem um stigana fara og eykur öryggistilfinningu þeirra því að í mikilli hæð verða menn að geta treyst því að öryggi þeirra sé tryggt.



Auk þessara verkefna hafa fjölmörg önnur af sama toga verið framkvæmd til að gera störfina léttari og öruggari og enn eru á áætlun fleiri verk sem eru á ýmsum stigum hönnunar og framkvæmda.

Á döfinni er átak í að setja upp viðurkennda festipunkta fyrir fallvarnarbúnað þeirra sem verða að vera í fallbeltum við störf sín og vonandi tekst að ljúka því í sumar.

Þó að þetta allt séu vissulega stór skref í átt til öruggara vinnuumhverfis, er engan veginn búð að klára dæmið og á hverjum degi rekast menn á eitthvað sem betur mætti fara. En dropinn holar steininn og smátt og smátt færumst við nær því að geta sagst vera ánægð.

Þrátt fyrir allar þessar aðgerðir mega starfsmenn samt aldrei gleyma því að alltaf gildir hið fornkvæða: “Hver er sinnar gæfu smiður”. Þrátt fyrir allar varúðaraðgerðir fyrirtækisins eru það starfsmennirnir sjálfir sem verða að gæta eigin öryggis við hvert verkefni, með öruggum vinnubrögðum og við öruggar aðstæður sem þeim eru skapaðar.



Neyðarviðbrögð við augnameiðslum á vinnustað

Skjót og rétt viðbrögð við augnameiðslum geta ráðið úrslitum um hvort unnt sé að vænta skjóts bata eða hvort sjónin verði fyrir varanlegum skaða. Ef bið verður á læknishjálpi, er margt sem hjálparliðar geta gert til að minnka hættu á meiri skaða á auganu. Hér á eftir verða talin upp rétt viðbrögð við augnameiðslum af ýmsum orsökum.

Aðskotahlutur, korn í auga:

- Ekki nudda augað!
- Togið efra augnalok út og yfir það neðra og látið tárinn skola korninu úr auganu.
- Ef þetta dugar ekki, skal skola augað með vatni uns kornið skolast út.
- Ef þetta dugar ekki heldur, eða ef sársauki og roði eru áfram í auganu, skal bundið létt um augað og leitað læknishjálpar.



Efnaskvettur eða bruni:

- Haldið auganu opnu og skola það með vatni úr augnskólunartæki í a.m.k. 15 mínútur.
- Fjarlægjið augnlinsur, ef viðkomandi notar þær.
- Kallið á neyðaraðstoð.
- Athugið upplýsingar á öryggisupplýsingablaði frá

framleiðanda efnisins og koma þeim til þeirra sem annast hinn slasaða.

Rafsuðublinda, Laser-geislar og útfjólublátt ljós:

- Leitið læknishjálpar þó hinn slasaði finni ekki enn til óþæginda. Sársauki, "sandur" í augum, viðkvæmni fyrir ljósi, bólga, roði eða önnur einkenni bruna koma ekki fram fyrr en líður frá atvikinu, jafnvel fleiri klukkutímum seinna.
- Haldið augunum lokuðum á meðan beðið er eftir læknishjálpi.

Högg á auga:

- Haldið köldum bakstri að auganu, án þess að þrýsta á það, í a.m.k. 15 mínútur til að minnka sársauka og bólgu.
- Leitið lækni strax ef sársauki hverfur ekki eða vart verður við sjóntruflanir.

Aðskotahlutur stingst í auga:

- Kallið á neyðaraðstoð lækni án tafar.
- Hreyfið alls ekki hreyfa aðskotahlutinn eða reynið að draga hann út úr sárinu.
- Bindið um og skorðið aðskotahlutinn með mjúku, léttu efni til að hann geti síður hreyfst í auganu.
- Bindið einnig fyrir hitt augað til að sá slasaði hafi síður ástæðu til að hreyfa augun.

Skurðsár nærri auga:

- Bindið létt um sárið og leita lækni.

Er lífsstíll þinn hjartvænn?

Algengasta dánarorsök í heiminum er af völdum hjarta- og æðasjúkdóma bæði hjá konum og körlum. Hjartavernd heldur úti öflugum forvarnarstarfi á sviði hjarta- og æðasjúkdóma. Meðal þess sem almenningi gefst kostur á er að fara í svokallað áhættumat hjá Hjartarannsókn. **Matið** byggist á þeirri þekkingu sem Hjartavernd hefur aflað með öflugum vísindastarfi og hefur að leiðarljósi nýjustu greiningartækni og alþjóðlega viðurkennda staðla. Gott er að minna á að því heilbrigðari lífsstíll sem við temjum okkur, þeim mun minni verður áhættan. En hvernig er hjartvænn lífsstíll?

- **Það er að byrja ekki að reykja eða hætta að reykja, það er aldrei of seint. Í boði er fjöldi námskeiða í reykleysimeðferð og ýmis hjálparlyf.**
- **Regluleg hreyfing hefur verulegan heilsufarslegan ávinning. Það hefur sýnt sig í rannsóknum að samtals hálf tíma hreyfing á dag 5 daga vikunnar eða oftast dregur verulega úr líkum á því að fólk þrói með sér hjartasjúkdóm. Áhrif hreyfingar á hjarta- og æðakerfi eru fjölbætt; sterkari hjartavöðvi, aukið þol, blóðþrýstingur lækkar, jákvæð áhrif á blóðfitu einkum á góða kólesterólið og auðveldara að halda kjörþyngd bæði með aukinni brennslu og auknum grunnefnaskiptahraða. Regluleg hreyfing dregur úr líkum á offitu og ýmsum sjúkdómum, minnkar streitu og kvíða, bætir svefn og leiðir af sér betri almenna líðan. Til þess að fólk gefist ekki upp á reglulegri hreyfingu, þarf að velja hreyfingu sem fólk hefur gaman af, nýta hreyfinguna í daglega lífinu s.s nota stigana, ganga í búðina eða til vinnu þar sem það er hægt.**
- **Matarræðið er annar þáttur sem skiptir máli við hjartvænan lífsstíl og við getum haft áhrif á. Þar eru EMM-in þrjú sem þarf að skoða; rétta Máltíðamunstrið, rétta Magnið og rétta Matinn. Varðandi máltíðarmunstrið þá er talað um að borða reglulega yfir daginn 4-5 máltíðir á dag. Hvað magnið snertir eru einfaldar reglur sem hægt er að styðjast við eins og að fá sér einu sinni á diskinn, halda sig við reglulegar máltíðir og borða lítið sem ekkert eftir kvöldverð. Margir fara út í að borða of lítið þ.e. borða of fáar hitaeiningar sem er ekki gott. Varðandi matinn er fjölbreytt fæði úr öllum fæðuflokkum án óþarfa fitu og sykurs talið heppilegast. Matardagbók er einfalt en afar gott hjálpartæki fyrir fólk til að skoða máltíðamunstur sitt, magn og hvað það leggur sér til munns.**

18 mánuðir eru nú 6 ár

Það var fyrir 6 árum síðan sem Ron Curry lenti á Íslandi—n.t.t. á Grundartanga þar sem hugðist dveljast í 18 mánuði meðan stækkun álversins færi fram. Síðan eru liðin mörg ár eins og segir í frægum dægurlagatexta - hann er hér enn og líkar vel.

“Það er gott að vera á Íslandi, ég kann vel við fólkið og landið er fagurt. Ég ferðast nokkuð, spila golf og hef farið nokkrum sinnum í veiðiferðir. Uppáhaldsstaðurinn minn er Djúpavík á Vestfjörðum - þar er fegurðin ótæmandi. Kona nokkur benti mér á að til að kynnst landi og þjóð ætti ég að lesa Sjálfstætt fólk sem ég og gerði. Í bókinni fann ég mikla samsörun við Bandaríkin því að við vildum líka vera frjáls og óháð eins og þið og við háðum harða baráttu fyrir frelsinu.

Ron er verkfræðingur að mennt og starfaði í byrjun sem verkefnastjóri fyrir stækkuninni sem átti sér stað fyrir 6 árum á Grundartanga og bjó þá á Akranesi. Hann er sjálfur frá Nýju Mexíkó, en heldur annað heimili í Texas þar sem konan hans býr þegar hún er ekki á Íslandi. “Konan vill vera þar sem börnin eru. Hún lítur á Ísland sem sumarbústaðinn sinn, en vill ekki vera hérna á veturna”.

Ísland hefur verið mikið í fréttunum um heim allan vegna eldgossins - hafa fjölskylda og vinir ekki áhyggjur? “Fólk er forvitið en kannski ekki áhyggjufullt. Það hafa verið fluttar fleiri fréttir af Íslandi s.l. þrjár vikur en síðastliðin 30 ár í Bandaríkjunum og vissulega eru margir uggandi yfir því að ég sé hérna á þessari stórhættulegu eyju. Ég hef bara gaman af þessu og skora á fólk að koma í heimsókn”.

Ron starfar nú í Helguvík og býr í Keflavík. “Verkefnið í Helguvík gengur of hægt að mínu mati. Ef ég mætti ráða mundi allir leggjast á eitt um að hraða þessu mikilvæga verki sem er stór liður í því að koma hjólum atvinnulífsins af stað aftur, svo ég tali nú ekki um hversu mikilvægt það er fyrir svæðið suður frá. Við erum búin að vera á fullu í Helguvík í heil tvö ár en erum varla byrjuð ennþá. Mér líkar ekki þessi hæagangur - við erum á 10% hraða m.v. Grundartanga á sínum tíma og það er hreinlega ekki gott. Það ríkir jú kreppa í öllum heiminum—en þið eruð rík og fámenn þjóð og það er klárlega auðveldara að ráða fram úr hlutunum hjá ykkur en annars staðar. Íslendingar eru heiðarlegir og vel gefnir, eins og ég hef kynnst þeim án þess þó að ætla að dæma heila þjóð út frá þeim fáu sem ég þekki. Hér er gott að búa, góður og ferskur matur og ógrynni af góðum veitingastöðum út um allt land. Íslendingar eru vel staddir, menntunarstig er hátt, hér eru allir læsir og þið getið farið hvert sem er í heiminum. Ég kalla þetta lánsama þjóð—þið verðið að nýta ykkur þá stöðu”.

En hversu lengi ætlar Ron að dveljast hjá okkur? “Það er ekki gott að segja. Ég mundi gjarnan vilja klára verkefnið - mér fellur illa að fara frá hálfkláruðu verki. Nú er stefnan tekin á 11.11.11. og þá ætti mínu verki að vera lokið, en svo veit maður aldrei hvernig þetta þróast allt saman. Ég kann vel við mig á Íslandi en ég verð að sjá til hvernig heilsufarið og fjölskyldumálin þróast. Mig mundi langa til að sjá verksmiðjuna í Helguvík rísa og taka til starfa - en sjáum til,” segir þessi viðkunnalegi Íslandsvinur að lokum.



Ron á sér þann draum að sjá verksmiðjuna í Helguvík rísa áður en hann fer aftur heim...

Norðurál stuðlar að hreinni bæ!

Norðurál styrkir ýmis góð málefni og oft eru þau tengd börnum og unglingum. Á dögunum barst fyrirspurn frá Foreldrafélagi Brekkubæjarskóla á Akranesi þess efnis hvort Norðurál gæti hugsað sér að styrkja krakka í 7. bekk sem voru að leita ráða til að komast í námsferð án mikils tilkostnaðar. Norðurál tók beiðninni vel og varð að samkomulagi að í staðinn mundu krakkarnir tína rusl á opnum svæðum sbr. við dvalarheimil aldraðra og við sambýli auk fleiri staða. Nokkrar myndir voru teknar af þessu tilefni sem við skulum láta tala sínu máli!



Flottir krakkar úr Brekkubæjarskóla tíndu rusl... í fjóröflunarskyni



Fréttir frá Starfsmannafélaginu...

Kosningar í stjórn Starfsmannafélags Norðuráls fóru fram á dögunum og nýttu 32% starfsmanna kosningarétt sinn. Starfsemi félagsins fer nú brátt á fullt og hvetja stjórnarmenn allt Norðurálsfólk til að taka þátt í starfseminni.

Eftirtaldir skipa nú stjórn:

- Formaður: Pétur Svanbergsson
- Varaformaður: Brian D. Marshall
- Gjaldkeri: Jakob Sigurðsson
- Ritari: Valdimar Magnússon
- Meðstjórnandi: Ása Mýrdal Gunnarsdóttir
- Varamaður: Tómas H. Richardsson

Næst á dagskrá hjá félaginu:

Aðalfundur 18. maí kl. 20 - gamla Kaupfélagið á Akranesi.

Hellishólar - 23.-25. júlí

Árshátíð á Broadway - 2. október (A og B vakt)

Jólahlaðborð: - 13. nóvember (C og D vakt)

Jólaball: 19. desember á Grundarskóli á Akranesi



Fyrirtækjamerki séu einföld

Hjörvar Harðarson, hönnunarstjóri á auglýsingastofunni ENNEMM, hafði yfirumsjón með endurhönnun og breytingum á kennimarki (lógó) Norðuráls sem upphaflega var hannað af auglýsingastofunni Hnotskógi fyrir röskum áratug.

Hjörvar segir nauðsynlegt að hafa starfsemi viðkomandi fyrirtækis í huga þegar merki er hannað og jafnframt því að flest góð merki hafi einfaldleikann í fyrirrúmi. Í nýju útfærslunni sé byggt á grunneiningum eldri útgáfunnar og einingarnar bundnar betur saman. Hjörvar segir þessa útfærslu að sínu mati mun þægilegri í notkun og merkið komi vel út á bæði ljósum og dökkum fleti. Í negatífri útgáfu lifni litur þess við og það fái að meiri karakter. Og þá er komið að því að sýna nýju útfærsluna á kennimarkinu í nokkrum útgáfum:

Guðmundur S. Jónsson, umhverfis- og verkfræðisvið.

Bilun í afriðlaspenni #11

Við kerlínu 1 (kerskálar A og B) eru fjórir afriðlaspennar sem sjá um að breyta háspennu eða 36.000 voltum í mun lægri spennu, eða um 670 volt. Við þá eru síðan afriðlarnir tengdir og frá þeim liggja síðan leiðararnir að kerunum. Við reglubundið eftirlit með olúsýni á afriðlaspenni #11 á síðasta ári, komu ljós breytingar á gasi í olúnni sem gátu bent til bilunar. Í framhaldinu voru fleiri sýni tekin til að fá betri mynd af því sem um var að ræða. Einnig voru gerðar mælingar á spenninum til að reyna að staðsetja betur hvað væri að gerast og fram komu frekari vísbendingar um bilun. Það var því afraðið að taka olíu af spenninum og fá framleiðandann, ABB í Noregi, til þess að skoða spenninn betur og meta ástandið. Við þá skoðun í lok janúar s.l. kom í ljós að einhverskonar skammhlaup hafði orðið á einni af þremur háspennuspólunum. Það var því ljóst að spennirinn þyrfti að fara í viðgerð en vegna stærðar hans og aðstöðuleysis er ekki hægt að gera við svo stóra spenna hér landi og því hófst undirbúningur að viðgerð í framhaldinu. Það var síðan um miðjan apríl sem afriðlaspennirinn var tekinn úr rekstri og hafist var handa við að taka olíu af honum en hann vegur tæp 110 tonn án olíu. Einnig þurfti að aftengja strengi, kællilagnir o.fl. Síðan var spennirinn tekinn út á vagn sem er sérstaklega hannaður fyrir stór og þung tæki. Laugardaginn 16. apríl var spennirinn síðan settur um borð í Ro/ro skipið Elektron 2 sem kom frá Noregi til að sækja spenninn. Skipið er sérhannað til að flytja slík tæki og getur opnað stefnið og lagt niður ramp, og þá er vagninum ekið um borð. Þetta þurfti að gerast á flóði til þess að hæðin á rampinum passaði við bryggjuna. Síðan var spenninum lyft upp á sérstaka fætur og vagninum ekið í land aftur. Þá tók við að tjakka spenninn niður á sérstaka timburklumpa, sem hann stóð síðan á í skipinu á leiðinni til Noregs. Þangað kom skipið 24. apríl og var strax hafist handa við að setja spenninn á vagn aftur og taka hann frá borði. Það gekk vel og núna er hann kominn til ABB sem sér um viðgerðina. Seinna í sumar mun spennirinn svo koma sömu leið til baka og verða settur í rekstur í framhaldinu. **Hér á baksíðunni má sjá myndir sem teknar voru við flutninginn.**

FLUTNINGUR Á SPENNI

Það gekk vel að aftengja og undirbúa afriðlaspenni #11 til flutnings til Noregs, en spennirinn var nýlega tekinn úr rekstri. Það voru starfsmenn frá Landsneti sem aðstoðuðu Norðurlásmenn við að koma spenninum fyrir í skipinu Statnett Electron. Við látum myndirnar tala sínu máli...

